



Nefndasvið Alþingis
Gautur Sturluson lögfræðingur/nefndarritari
skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/089/9,6/DS/sig
Reykjavík 9. júní 2009

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, þskj. 34, 34. mál.


Landhelgisgæslan leggur áherslu á að erfitt er að fylgjast með frístundafiskiskipum nema því aðeins að þau hafi sjálfvirkan eftirlitsbúnað um borð og tilkynni sig út til veiða og inn í höfn eins og öllum skipum er skylt að gera samkvæmt reglugerð um vaktstöð siglinga nr. 672/2006 og reglugerð um fjareftirlit nr. 770/2008.

Eins og frístundafiskveiðar hafa verið skipulagðar má búast við að erlendir skipstjórar sem hafa litla eða enga þekkingu á aðstæðum á sjó við Ísland verði við stjórnvölinn á frístundafiski-skipum. Landhelgisgæslan telur ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir leyfi til frístundafiskveiða að skipin, af hvaða stærð sem þau eru, séu búin sjálfvirkum eftirlitsbúnaði. Ekkert er því til fyrirstöðu að þessir bátar taki strax upp AIS-kerfið eftir því sem við á samkvæmt drögum að reglugerð um breytingu á reglugerð um vaktstöð siglinga nr. 672/2006. Þessi smáskip eru einmitt þau skip sem helst þurfa á því að halda að fylgst sé með þeim öryggisins vegna og því varhugarvert að gera ráð fyrir að þau þurfi ekki á einhverjum tíma á þessum öryggisþætti að halda.

Landhelgisgæslan mun hafa töluverða vinnu af eftirliti með þessum bátum og skipum bæði vegna fiskveiða og öryggis. Fyrirsjáanlegt er að bæta þurfi við mönnum á vaktir í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar yfir sumartímann vegna þessa og er áætlaður kostnaðarauki um 2,5 – 3 m.kr. Það er kostnaður við 2 menn í dagvinnu í 3 mánuði.

Í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er hvergi minnst á fiskveiðieftirlit Landhelgisgæslunnar og ekki heldur gert ráð fyrir að Landhelgisgæslan fái neinn kostnaðarauka bættan af veiðieftirlitsgjaldi. Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt í ljósi þessa að gera sérstakan þjónustusamning við sjávarútvegsráðuneytið og samgönguráðuneytið um eftirlit með þessum skipum sbr. 5. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands en aukið eftirlit þarf bæði að vera vegna öryggis og fiskveiða.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands.


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.